

**Íbúar Húnavatnshreppi.**

Þegar þetta er ritað þá er unnið að gerð fjárhagsáætlana í sveitarfélögunum og eru aðstæður sveitarfélaga mjög misjafnar. Það er mikilvægt að á erfiðum tímum sem þessum vinni aðilar sem mest saman. Þannig hafa framkvæmdastjórar sveitarfélaga í Húnavatnssýslum, Skagafirði og Fjallabyggð haldið fundi þar sem aðilar hafa borið saman bækur sínar varðandi vinnu við fjárhagsáætlanir vegna ársins 2009. Til þessa funda var boðað að frumkvæði SSNV og hafa þeir reynst mjög gagnlegir. Sveitarfélögin á svæðinu eru flest að reikna með 5% til 10% tekjufalli árið 2009. Einnig er ljóst að fyrir sveitarfélögin hér er mikilvægt að viðbótarframlag Jöfnunarsjóðs falli ekki niður, því af 1,4 milljarða kr. viðbótarframlagi Jöfnunarsjóðs á þessu ári koma um 350 milljónir í hlut þessara sveitarfélaga.

Í ræðu fjármálaráðherra á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, sem haldinn var um miðjan nóvember s.l. kom fram m.a. að ekki sé ólíklegt að heildartekjur ríkissjóðs muni lækka um fjórðung á milli árana 2008 og 2009. Áætlað er að reglubundin framlög ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga geti dregist saman um að minnsta kosti 10%. Í fyrirliggjandi fjárlagafumvarpi fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir að þau tímabundnu framlög sem ríkissjóður hefur lagt til Jöfnunarsjóðs haldi ekki áfram. Þá mun m.a. falla niður greiðsla ríkisins á viðbótarframlagi til sveitarfélaganna sem var 1.4 milljarður á þessu ári. Fyrir Húnavatnshrepp sem er mjög háður framlögum frá Jöfnunarsjóði gæti þetta þýtt um 12% lækkun á heildarskatttekjum, eða sé miðað við tekjuáætlun þessa árs lækkun um 32 millj. kr.

Ljóst má vera að gangi þetta eftir mun verða verulegur viðsnúningur í rekstri sveitarfélagsins á næsta ári og hallarekstur líklegur. Það jákvæða í stöðunni er að sveitarfélagið hefur ekki tapað peningalegum eignum við fall bankana, peningaleg staða er sterk og skuldir litlar.

Þegar bornar eru saman tölur úr rekstri Húnavatnshrepps árið 2007 miðað við áætlun í ár þá má reikna með að heildarútgjöld málaflokka hækki um 9% milli ára. Verðbólga síðustu tólf mánuði mælist nú 17.1%. Hækkun rekstrarútgjalda er því lægri en þróun verðbólgu á sama tíma, þó hafa bæst inn nýjir rekstrarliðir svo sem rekstur leikskóla. Reksturinn er mjög viðkvæmur, en af þessu má draga þá ályktun að ekki sé um verulegan útgjaldavanda að ræða heldur fyrst og fremst ótrygga og lækkandi tekjustofna.

Hreppsnefnd hefur fjallað um viðbrögð sveitarfélagsins vegna efnahagsástandsins. Ekki er gert ráð fyrir að skerða þjónustu við íbúa né hækka gjaldskrár, að öðru leyti en því að hækka þarf sorpeyðingar- og sorphirðugjöld vegna mikillar hækkunar á aðkeyptri þjónustu við þann rekstrarlið. Álagningarprósentur fasteignagjalda verða óbreyttar, einnig reglur um afslætti á fasteignagjöldum af íbúðarhúsnæði ellilífeyrisþega og öryrkja. Þar sem hafin er rekstur leikskóla falla heimgreiðslur niður. Gert er ráð fyrir gjaldfríum leikskóla. Akstursstyrkir verða þeir sömu og áður. Launagreiðslur vegna nefndarstarfa verða óbreyttar.

Áætlað er að halda áfram nauðsynlegum viðhaldsframkvæmdum við Húnavallaskóla, vinnu við lóð leikskólans, framkvæmdum við rotþrær og að hafin verði bygging á parhúsi við Húnavelli. Einnig verður unnið við gerð aðalskipulags og fornleifaskráningu samfara því.

Framh.....

Vegna margháttaðrar óvissu t.d. varðandi tekjuliði, framlög til byggðasamlaga og fl. er gert ráð fyrir að fresta seinni umræðu um fjárhagsáætlun fram í janúar 2009.

### **Vígsla leikskóla á Húnavöllum.**

Óskað var eftir tillögum að nafni á leikskólann á heimasíðu sveitarfélagsins. Skilafrestur var til 28. nóvember 2008. Alls bárust tillögur frá 19 aðilum um 31 nafn. Nokkrir aðilar voru með sömu nöfn, þannig að í heildina eru þau 22.

Nefnd var sett í það erfiða hlutverk að velja eitt nafn úr tillögunum. Nefndin fundaði þann 9. desember og eftir miklar umræður og vangaveltur kom nefndin sér saman um val á nafni sem verður opinberað við vígslu leikskólans.

**Vígsla leikskólans mun fara fram fimmtudaginn 18. desember kl. 14.00. Flutt verða ávörp, börnin syngja og í boði verða léttar veitingar. Íbúar Húnavatnshrepps eru hvattir til að mæta og taka þátt í þessum gleðilegu tímamótum í sveitarfélaginu.**

### **Skrifstofa Húnavatnshrepps.**

Skrifstofa Húnavatnshrepps er opin mánudaga, þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl. 10.00 – 16.00. Símanúmerin eru 452-4660 og 452-4661, faxnr. er 452-4680, netföngin [hunavatnshreppur@emax.is](mailto:hunavatnshreppur@emax.is) [jens@emax.is](mailto:jens@emax.is) veffang [www.hunavatnshreppur.is](http://www.hunavatnshreppur.is)

Ég óska samstarfsfólki og íbúum Húnavatnshrepps gleðilegrar jólahátíðar og gæfuríks komandi árs, með þökk fyrir ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða.

Húnavöllum 12. desember 2008.  
Sveitarstjóri Húnavatnshrepps